

### Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 27. september 1999, kl. 17:15 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins, 3. hæð, Garðatorgi 7, Garðabæ.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra og Sigurborgar Daðadóttur, skrifstofustjóra.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

#### **1. Skipan áheyrnarfulltrúa í heilbrigðisnefnd.**

Lagt fram bréf Bessastaðahrepps frá 10. september s.l. þar sem Sigfríður Ingvarsdóttir er tilnefnd sem áheyrnarfulltrúi í heilbrigðisnefnd.

#### **2. Fundargerð 17. fundar heilbrigðisnefndar.**

Fundargerðin samþykkt.

#### **3. Fundargerð 11. starfsmannafundar 22. september s.l.**

##### **3.1 Starfsleyfi**

###### **3.1.1 Bæjarlind 14-16, Kópavogi - söluturn.**

Lögð fram umsókn Guðlaugs Kristjánssonar f.h. Vídeó-markaðarins ehf. kt: 711297-4009, dags. 5. september 1999 þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns með óvarin matvæli að Bæjarlind 14-16, Kópavogi. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

###### **3.1.2 Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði - sælgætisgerð.**

Lögð fram umsókn Helga Villhjálmssonar f.h. Góu-Lindu hf. kt: 410168-0229, dags. 21. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sælgætisgerðar á Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

###### **3.1.3 Bæjarlind 1-3, Kópavogi - bakarí m/veitingasölu.**

Lögð fram umsókn Guðna Hólms Stefánssonar og Hjálmfríðar Jóhannsdóttur f.h. Lindabakarí (Kökuhornið) kt: 590499-2349, dags. 9. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís með veitingasölu að Bæjarlind 1-3, Kópavogi. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

###### **3.1.4 Dalshrauni 15, Hafnarfirði - fullvinnsla á kjúklingum.**

Lögð fram umsókn Kristins G. Jónssonar f.h. Ferskra kjúklinga kt:670995-2839, dags. 7. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fullvinnslu og eldun kjúklinga að Dalshrauni 15, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 2 ára með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða, einnig fyrirvari um að fituskilja á fráveitu verði komin eftir 2 ár eigi starfsemin að halda áfram.

###### **3.1.5 Dalvegur 6-8, Kópavogi – viðgerðarverkstæði.**

Lögð fram umsókn Ævars Þorsteinssonar f.h. Kraftvéla ehf. kt: 560392-2149, dags. 14. júlí 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðarverkstæðis að Dalvegi 6-8, Kópavogi. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. gr. 70.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum.

###### **3.1.6 Dalvegur 16, Kópavogi - skiltagerð/prentun.**

Lögð fram umsókn Jóns Ásgeirs Einarssonar f.h. Merkjaland ehf. kt: 630893-2329, dags. 16. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skiltagerðar og prentunar að Dalvegi 16a, Kópavogi. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, með fyrirvara um að ekki komi athuga-semdir við kynningu, sbr. gr. 70.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum.

### 3.1.7 Dalvegur 24, Kópavogi – matvælavinnsla.

Lögð fram umsókn Júlíu Sigurðardóttur f.h. Grænt og Gómsætt ehf, kt: 470995-2039, dags. 8. september 199, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvælavinnslu að Dalvegi 24, Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.8 Flatahraun 7, Hafnarfirði - pústþjónusta.

Lögð fram umsókn Björns J. Björnssonar f.h. Pústþjónustu B.J.B. kt: 690494-2649, dags. 20. sept. 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs pústþjónustu að Flatahrauni 7, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. gr. 70.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum.

### 3.1.9 Garðaflöt 16, Garðabæ - gistiheimili.

Lögð fram umsókn Ásgerðar Flosadóttur f.h. Gistiheimilisins að Garðaflöt 16, kt: 111154-4309, dags. 6. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Garðaflöt 16. Garðabæ. Ný starfsemi. Frestað.

### 3.1.10 Gilsbúð 1, Garðabæ - verslun.

Lögð fram umsókn Sigurðar Teitssonar f.h. 11-11 Gilsbúð, kt: 711298-2239, dags. 22. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar að Gilsbúð 1, Garðabæ. Eigendaskipti. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.11 Hagasmári, Kópavogi - bensínstöð með þvottastöð.

Lögð fram umsókn Arndísar R. Sigurgeirsdóttur f.h. Skeljungs hf. kt: 590269-1749, dags. 23. ágúst 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bensínstöðvar m/þvottastöð við Hagasmára í Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. gr. 70.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum.

### 3.1.12 Hagasmári, Kópavogi - verslun með veitingasölu.

Lögð fram umsókn Arndísar R. Sigurgeirsdóttur, f.h. Skeljungs hf. kt: 590269-1749, dags. 23. ágúst 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með veitingasölu við Hagasmára í Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.13 Hamraborg 1, Kópavogi - læknastofa.

Lögð fram umsókn Hallgríms Þorsteins Magnússonar f.h. Læknastofu Hallgríms Þ. Magnússonar kt: 290949-4019 dags. 9. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs læknastofu að Hamraborg 1, Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um fullnægjandi úttekt heilbrigðisfulltrúa á húsnæðinu.

### 3.1.14 Hamraborg 20a, Kópavogi - nuddstofa.

Lögð fram umsókn Jia Rui f.h. Nuddstofu Jia Rui, kt: 290960-2079, dags. 15. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nudd- og nálastungustofu að Hamraborg 20a, Kópavogi. Ný starfsemi. Frestað. Óskað eftir teikningum og leyfis landlæknis.

### 3.1.15 Hjallahraun 4, Hafnarfirði - rafmagnsverkstæði.

Lögð fram umsókn Jóns Hafþórs Marteinsonar f.h. Tækniþjónustu bifreiða ehf, kt: 610499-3689, dags. 8. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs rafmagnsverkstæðis að Hjallahrauni 4, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. gr. 70.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum.

### 3.1.16 Hólshraun 1, Hafnarfirði - veitingastaður.

Lögð fram umsókn Erlu Sveinsdóttur f.h. Grillsins, kt: 020855-2079, dags. 21. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til rekstur veitingastaðar að Hólshrauni 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.17 Kaplahraun 8, Hafnarfirði - trésmíðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Finns Óskarssonar og Friðþjófs Þorsteinssonar f.h. Trésmíðjunnar Breiður ehf, kt: 440272-0109, dags. 9. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs trésmíðaverkstæðis án lökkunar að Kaplahrauni 8, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. gr. 70.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum.

### 3.1.18 Kirkjulundur, Kirkjuhvoll, Garðabæ - fótaaðgerðarstofa.

Lögð fram umsókn Hrafnhildar Hjálmarsdóttur, kt: 280865-5679, dags. 25. júlí 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðarstofu f/eldri borgara að Kirkjulundi 19, Garðabæ. Eigendaskipti. Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára.

### 3.1.19 Lyngás 10, Garðabæ - kleinubakstur.

Lögð fram umsókn Birnu J. Hreinsdóttur, kt. 050570-5929 og Birnu Sigurðardóttur, kt. 011168-3029, dags. 16. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kleinugerðar (Eyjakleinar) að Lyngási 10, Garðabæ. Eigendaskipti. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.20 Lundur/Nýbýlaveg, Kópavogi - svínabú.

Lögð fram að nýju umsókn Geirs Gunnars Geirssonar f.h. Stjórnugrísa hf, kt: 600667-0179, dags. 24. ágúst 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs svínabús að Lundi v/Nýbýlaveg, Kópavogi. Samþykkt að veita bráðabirgðastarfsleyfi til þriggja mánaða með vísun til 73. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, með síðari breytingum.

### 3.1.21 Lækjarkinn 2, Hafnarfirði - gistiheimili í heimahúsi.

Lögð fram umsókn Önnu Finnsdóttur, f.h. Gistiheimilisins að Lækjarkinn 2, kt: 160949-2799, dags. 20. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis í heimahúsi að Lækjarkinn 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára.

### 3.1.22 Reykjavíkurvegur 56, Hafnarfirði - hjólbarðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Andrésar Bjarnasonar f.h. Dekksins kt: 301252-4989, dags. 7. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjólbarðaverkstæðis að Reykjavíkurvegi 56, Hafnarfirði. Endurnýjun. Samþykkt að veita starfsleyfi til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. gr. 70.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum.

### 3.1.23 Skemmuvegur 4, Kópavogi - prentun/framköllun.

Lögð fram umsókn Georgs Guðjónssonar f.h. Litlaprents ehf, kt: 440269-7109, dags. 25. maí 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Skemmuvegi 4, Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. gr. 70.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum.

### 3.1.24 Skemmuvegur 12, Kópavogi - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Guðmundar Jónssonar f.h. Hemilsins, kt: 551081-0449, dags. 12. júlí 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Skemmuvegi 12, Kópavogi. Endurnýjun. Samþykkt að veita starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, veitt undanþága vegna ákvæða um olúgildrur, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. gr. 70.2 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 með síðari breytingum.

### 3.1.25 Strandgötu 75, Hafnarfirði - framleiðsla á mat.

Lögð fram umsókn Þórarins Þórhallssonar f.h. Ostahússins, kt: 411092-2409, dags. 16. september 1999 þar sem sótt er um leyfi til reksturs veisluþjónustu að Strandgötu 75, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða og fullnaðarúttektar heilbrigðisfulltrúa á húsnæði.

## 3.2 Umsagnir

### 3.2.1 Brekkugata 13, Hafnarfirði - Brekkugata 13.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 1. september 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Eyglóar Gunnarsdóttur kt: 200252-3229, sem sækir um endurnýjun gistihúsaleyfis að Brekkugötu 13, Hafnarfirði. Frestað.

### 3.2.2 Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - Fjarðarnesti.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 30. ágúst 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Kristjáns Ólafssonar, kt: 070737-2059, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Fjarðarnesti kt: 480487-1339, Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

### 3.2.3 Bæjarhraun 4, Hafnarfirði - Gistihúsið Berg.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 1. september 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Bessa Þorsteinssonar kt: 050852-7419, sem sækir um endurnýjun gistihúsaleyfis fyrir Gistihúsið Berg að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði.  
Frestað.

### 3.2.4 Dalshraun 13, Hafnarfirði - Gafli-Inn.

Lagt fram bréf Stjórnarsýslu og fjármálasviðs Hafnarfjarðarbæjar, dags. 27. ágúst 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun á fyrra leyfi til vínveitinga fyrir Gafli-Inn, kt: 610976-0189, að Dalshrauni 13, Hafnarfirði.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn með tilliti til svipmóts.

### 3.2.5 Fjarðargata 13-15, Hafnarfirði - Kaffi Fjörður.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 1. september 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Steinars Pálmasonar, kt: 270165-4009, sem sækir um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir veitingastaðinn Kaffi Fjörður að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn að lokinni úttekt á innra eftirliti.

### 3.2.6 Garðaflöt 16, Garðabæ - gistiheimili.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 7. september 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Ásgerðar Flosadóttur kt: 111154-4309, sem sækir um leyfi til að reka gistiheimili að Garðaflöt 16, Garðabæ.  
Frestað.

### 3.2.7 Garðatorg 7, Garðabæ - veitingahús.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 1. september 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Steinars Pálmasonar kt: 270165-4009, sem sækir um veitingaleyfi fyrir veitingahúsið að Garðatorgi 7, Garðabæ.  
Frestað.

### 3.2.8 Lækjarkinn 2, Hafnarfirði - Gistiheimilið við Lækinn.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 26. ágúst 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Önnu Finnsdóttur, kt: 160949-2799, sem sækir um endurnýjun leyfis til reksturs gistiheimilis að Lækjarkinn 2, Hafnarfirði.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

### 3.2.9 Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfirði - Singapore ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 31. ágúst 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Önnu Rögnu Alexandersdóttur kt: 031052-2979, um endurnýjun á leyfi fyrir veitingastaðinn Singapore ehf, kt: 710889-1209 að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði.  
Samþykkt að veita jákvæða umsögn.

## 3.3 Starfsreglur.

Lagðar fram starfsreglur fyrir bón- og þvottastöðvar. Samþykktar.

## 3.4 Önnur mál.

### 3.4.1 Suðurhraun 2a – Rétt og slétt ehf.

Lagt fram afrit af bréfi Heilbrigðiseftirlitsins frá 20 september s. l til Rétt og slétt ehf, Suðurhrauni 2a, Garðabæ, þar sem krafist er úrbóta á umgengni á lóð við fyrirtækið að Suðurhrauni 2, Garðabæ.  
Heilbrigðisnefnd leggur fyrir lóðarhafa að hreinsa nú þegar til á lóðinni og hafa lokið því á fullnægjandi hátt fyrir 25. október n. k. að öðrum kosti verði verkið framkvæmt á kostnað ábyrgðaraðila.

### 3.4.2 Eyrartröð 13 – Tor ehf.

Lagt fram afrit af bréfi Heilbrigðiseftirlitsins frá 16. september s. l. til Tor ehf, Eyrartröð 13, Hafnarfirði, þar sem krafist er úrbóta á hávaða og umgengni við fyrirtækið að Eyrartröð 13, Hafnarfirði.  
Heilbrigðisnefnd leggur fyrir forráðamenn fyrirtækisins að framkvæma sem fyrst viðunandi úrbætur í rekstri fyrirtækisins þannig að íbúar í næsta nágrenni verði ekki fyrir óþægindum vegna hávaða frá kælikerfi

fyrirtækisins að Eyrartröð 12, Hafnarfirði og hafa lokið þeim eða komið með viðunandi tillögum að úrbótum eigi síðar en 25. október n. k. svo komist verði hjá frekari aðgerðum.

### 3.4.3 Efnamóttakan hf.

Lagt fram bréf Efnamóttökunnar h.f. frá 17. september s.l. varðandi undirbúning að söfnun spilliefna á höfuðborgarsvæðinu. Í bréfinu er óskað eftir upplýsingum um fyrirtæki með starfsleyfi á svæðinu flokkuð eftir starfsgreinum.

### 3.4.4 Húsasorp

Lagt fram bréf frá SORPU dags. 6. september 1999, varðandi niðurstöður úr rannsóknaverkefni um "hvað er í húsasorpi". Í verkefninu kom fram mjög lágt hlutfall spilliefna í heimilissorpi en hátt hlutfall endurvinnanlegra efna.

## 4. Tillaga um átak í fegrun og gróðursetningu og kynningar í umhverfismálum í Hafnarfirði árið 2000.

Lögð fram að nýju tillaga Sigurgeirs Ólafssonar sem kynnt var á 16. fundi nefndarinnar um áttak í umhverfismálum í Hafnarfirði árið 2000.

Eftirfarandi samþykkt var gerð. "Heilbrigðisnefnd hvetur bæjarráð Hafnarfjarðar til að taka tillöguna til efnislegrar meðferðar við gerð áætlana fyrir árið 2000."

## 5. Hávaði vegna flugumferðar.

Lagt fram að nýju bréf Umhverfisstjórnar frá 25. maí s.l. þar sem sent var til fyrirgreiðslu erindi Sigurðar Braga Guðmundssonar vegna flugumferðar yfir Hlégerði 33 í Kópavogi og bréf flugmálastjórnar frá 30. ágúst s.l. Í bréfinu er upplýst að úrvinnsla eigi sér nú stað úr mælingum frá tveimur mælistöðvum við flugvöllinn. Einnig er upplýst að fyrirhuguð eru kaup á tveimur mælistöðvum til viðbótar og fer önnur til að mæla hávaða á aðflugslínu flugbrautar sem kvartað er yfir í máli þessu.

## 6. Vettvangsferð.

Farið yfir niðurstöður úr vettvangsferð nefndarinnar þann 13. september s.l.

## 7. Fjárhagsáætlun 2000.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlunum og útreikningum vegna heilbrigðiseftirlitsins og eftirlits með hundahaldi fyrir árið 2000.

Afgreiðslu frestað til aukafundar þann 11. október n. k.

## 8. Hundahald

Lagt fram bréf heilbrigðiseftirlitsins dags. 22. september s.l. til Bessastaðahrepps varðandi samræmingu hundaftirlits á svæðinu. Einnig lögð fram drög að bréfi til Garðabæjar varðandi sama efni.

## 9. Önnur mál

Rætt var um skilti sem banna umferð með hunda á svæðum upp með Kaldárselsvegi og við Hvaleyrarvatn í Hafnarfirði. Heilbrigðisnefnd óskar eftir því við bæjarráð að bannskilti verði tekin niður á umræddu svæði og leiðbeiningaskiltum um lausagöngubann og nauðsynlegan þrifnað verði komið upp í staðinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:35.

Árni Sverrisson

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson

Sigfríður Ingvarsdóttir